

Vínátta

„Bútasaumsteppi“

Börnin útbúa „bútasaumsteppi“ úr teikningum um vínáttuna

Efni

- Blöð eða ferningar úr teiknipappír
- Vaxlitir, trélitir eða tússlitir
- Stórar pappírsarkir/karton fyrir bakgrunn
- Lím
- Tættur pappír og heftari (ef vill)

Það sem gera skal

1. Þjóddu börnunum að teikna mynd sem sýnir vínáttu. Stingdu upp á að börnin hugsi um það sem þeir gera gjarnan með vinum sínum, hvernig samskiptum þeirra er háttað og hvert vinir fara saman.
2. Dreifðu pappírsferningunum til barnanna til að teikna á. Útskýrðu fyrir þeim að ferningarnir verði festir saman í eitt stórt vínáttuteppi.
3. (Ef vill) Til að teppið líti út fyrir að vera vatterað skaltu hefta autt blað við bakhlið teikningarinnar á þremur hliðum en skilja eina hlið eftir opna. Fylltu vasann með tættum pappír og heftaðu loks fjórðu hliðina.
4. Límdu teikningarnar á stóru lituðu pappírsarkirnar/kartonið og festu teppið upp á vegg í kennslustofunni.

